

## Hraðbón

Vörunúmer og umbúðir:  
136501 630 ml flaska

Notaðar eru eingöngu endurvinnanlegar umbúðir undir vöruna.

**Eiginleikar:**  
HRAÐBÓN er auðvelt í notkun. HRAÐBÓN myndar sterka, harða og endingargóða gljáhúð, sem hrindir frá sér óhreininum.

**Notkun:**  
Þvoið bifreiðina og þurrkið. Berið síðan HRAÐBÓN á allan bílinn. Þegar bónið hefur þornað er strokið yfir það með þurrum klút. Kemur þá fram hin sterka og fallega gljáhúð HRAÐBÓNSINS.

**NÝ AÐFERÐ:** Frábær gljái og vörn fyrir bifreiðina fæst á auðveldan hátt með því að bera á hana fyrst ULTRA MJÖLL BÍLABÓN án þess að nudda það. Síðan er HRAÐBÓN borið á yfir BÍLABÓNIÐ. Að lokum er strokið yfir með þurrum klút. Með þessu fæst frábær ending BÍLABÓNSINS ásamt gljáa og fráhrindandi eiginleikum HRAÐBÓNSINS og bónvinnan er leikur einn.

**Tæringarhætta:**  
Engin tæringarhætta.

**Meðhöndlun:**  
Sýnið aðgæslu.

**Geymsla:**  
HRAÐBÓN geymist í a.m.k. tvö ár frá framleiðsludegi sé hann í upprunalegu umbúðunum, lokuðum og við 5-20°C.

**Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar við 20°C:**  
Ástand og útlit: Hvítur, þykkfljótandi vökvi.  
pH: ~8,5.  
Eðlisþyngd:  $950 \pm 10 \text{ kg/m}^3$ .

**Upplýsingar um innihald:** (þessi listi er ekki tæmandi)  
Vaxtegundir, genamín, silikonolía, lágárómatísk terpentína og vatn.

**Varnaðarmerki:**  
Ekkert.

**Hættumerking:**  
Efnið er hættulítið.

**Varúðarmerking:**  
Geymist þar sem börn ná ekki til.

**Ýmsar upplýsingar:**  
Öryggisleiðbeiningar fást hjá framleiðanda.